

16. gr.

Reglugjörð þessi endurskoðist fyrir árslok 1930.

32

16. mars

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir samið og samþykkt staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. apríl 1927 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. mars 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð Ög- 33
urhrepps útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- 29. mars
málaráðherra 29. mars 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Líknarsjóð Ögurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Ögurhrepps og er hann stofnaður af nokkrum konum í Ögurhreppi, við fráfall Sigríðar Gísladóttur ljósmóður, til minningar um hana.

Stofnfje sjóðsins er 645 — sex hundruð fjörutíu og fimm — krónur.

33

29. mars

2. gr.
Sjóðurinn tekur við hverskonar gjöfum og áheitum og ennfremur fje fyrir útgáfu minningarspjalda; skulu slík minningarspjöld afhent þeim, er gefa vilja sjóðnum gjafir til minningar um látna ættingja eða vini.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er *sjerstaklega* sá að líkna fátækum sængurkonum í Ögurhreppi, þó má veita styrk úr sjóðnum þeim, er orðið hafa fyrir slysum eða óhöppum, er valdið hafa heilsutjóni og fjárhagslegum hnekki, enda sjeu styrkþegar, að álitu sjóðstjórnarinnar, styrksins þurfi. Aðeins þeir, sem búsettir eru í Ögurhreppi, geta fengið styrk.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands eða Landsbanka Íslands.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan skipuð þrem konum; stjórnin skal kosin til þriggja ára og skal hún kosin af konum þeim, sem atkvæðisrjett hafa í sveitarmálum í Ögurhreppi. Stjórnarkonur skulu og vera atkvæðisbærar á sama hátt og vera búsettar í Ögurhreppi. Verði kvenfjelag stofnað með almennri þáttöku kvenna í hreppnum, skal stjórnin kosin af fjelagskonum á sama hátt og áður segir. Sjóðstjórnin skipar sjálf með sjer verkum, hún vinnur kauplaust.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 2000 krónur, má verja helming ársvaxta hans samkvæmt ákvörðun 3. gr., hinn helmingurinn leggist við höfuðstólinn, Þá er ársvextir nema 200 krónum má verja $\frac{3}{4}$ hlutum þeirra á sama hátt, en aldrei skal leggja minna en $\frac{1}{4}$ hluta ársvaxtanna við sjóðinn. Af öðrum tekjum sjóðsins má stjórnin verja tveim þriðju árlega, en einn þriðji af slíkum tekjum skal lagður við höfuðstólinn.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim hreppsnefndarmönnum úr hreppsnefnd Ögurhrepps þeim er sjóðsstjórnin tilnefnir; þeir skulu, að endurskoðuninni lokinni sendir með öðrum reikningum hreppsins sýslunefnd Norður-Ísa-fjarðarsýslu til yfirendurskoðunar.

8. gr.

33

Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók og skulu í hana ritaðir reikn- 29. mars
ingar sjóðsins og skýrslur um tekjur hans og úthlutun styrktarfjár;
ennfremur skal í hana rita allar ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar og kosn-
ingar í sjóðsstjórnina.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Vigur, 15. febrúar 1927

Í stjórn:

Ragnhildur Jakobsdóttir,
Ögri.

Björg Björnsdóttir,
Vigur.

H. Þ. Jakobsdóttir,
Ögri.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir sjóð síra 34
Björns Þorlákssonar, útgefinn á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 29. mars
og kirkjumálaráðherra 29. mars 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um

Sjóð síra Björns Þorlákssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 500 kr. frá sýslunefnd Norður-Múla-
sýslu, sem ákvað, að sjóðurinn skyldi heita: „Sjóður síra Björns Þorlaks-
sonar“, og síra Björn ráða fyrirkomulagi hans. Við sjóðinn bættust 300
kr. frá hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps, og annarsstaðar frá komu
1760 kr., svo sjóðurinn er allur í upphafi 2560 kr.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins, og allir
vextir leggjast árlega við, uns hann er orðinn 12000 kr. Síðan skulu hálf-
ir vextir leggjast við, en hálfir borgast út.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 24000 kr., skulu $\frac{3}{4}$ vaxta borgast út, en
 $\frac{1}{4}$ leggjast við.